



## Ægir upp í Lengjudeildina eftir dramatískar lokamínútur

Ægir varð deildarmeistari í 2. deild karla um helgina með 2-3 sigri á Víði í Garði. Sigurmarkið kom í uppbótartíma og færði liðinu fyrsta sæti deildarinnar með 44 stig, jafnt

og Gróttu, en með betri markatölu. Markús Máni Jónsson kom Víði yfir í fyrri hálfleik, en Bjarki Rúnar Jónínuson jafnaði strax í síðari. Víðir komst

aftur yfir með marki David Toro Jimenez, áður en Jordan Adeyemo jafnaði og Daníel Karl Þrastarson tryggði Ægi sigurinn í blálökin. Adeyemo varð markakóngur deildarinnar

með 19 mörk á sínu fyrsta tímabili með Ægi. Nenad Zivanovic þjálfari Ægis segist í samtali við hamingjuhofn.is vera óviss með framtíð sína hjá félaginu: „Hvort

ég verð hérna á næsta tímabili? Það er góð spurning. Ég veit það í raun ekki.“ Nenad hefur stýrt liðinu með góðum árangri undanfarnin ár, en hann tók við liðinu 2019 þegar liðið var í 4. deild.

## Dælustöð Vatnsveitu Árborgar - samningur undirritaður

Árborg hefur undirritað samning um jarðvinnu vegna nýrrar dælustöðvar Vatnsveitu Árborgar. Framkvæmdirnar fela í sér að grafa fyrir stöðinni, fylla undir undirstöður hússins og leggja aðkomuveg að svæðinu. Hönnun dælustöðvarinnar er í höndum Eflu hf. Jarðvinnan verður unnin af Gröfutekni ehf., sem átti lægsta tilboðið í verð-

könnun sem fram fór í ágúst síðastliðnum. Jafnframt er verið að ljúka fullnaðarhönnun bæði á dælustöðinni og nýjum 2.000 rúmmetra vatnstanki sem bætist við þann tank sem fyrir er á svæðinu. Undirbúningur útboðs á uppsteypuhluta verksins er langt kominn og er áætlað að uppbygging hefjist árið 2026.

Byggingarstjórn og eftirlit með framkvæmdum verður í höndum Þórðar Ásmundssonar hjá Vörðu – Verkþjónustu ehf. Þetta er mikilvægur áfangi í uppbyggingu innviða sveitarfélagsins og verður til þess fallinn að styrkja vatnsveitu Árborgar til framtíðar.

Sveitarfélagið Árborg



Hákon Garðar Þorvaldsson, veitustjóra Selfossveitna bs, Þórarinn Úlfarsson, eiganda Gröfutekni ehf. og Atla Marel Vokes, sviðsstjóra mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar. Mynd: Sveitarfélagið Árborg.

### Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

**PÍPULAGNIR SUÐURLANDS**  
Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

### NÝR TOYOTA PROACE

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000

Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi

SÚPERLAGNIR

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI  
Símin hjá okkur er 664-8892 eða senda verkbeiðni á [superlagnir@superlagnir.is](mailto:superlagnir@superlagnir.is)

## Bridsfélag Selfoss

80. aðalfundur Bridsfélags Selfoss verður haldinn í Karlakórshúsinu, Eyravegi 67, föstudagskvöldið 26. september 2025 kl. 19.



**Dagskrá:**  
Venjuleg aðalfundarstörf.  
Önnur mál.

Allir bridsáhugamenn velkomnir.

Stjórnin

Vegna aukinna umsvifa leitum við að Tækjastjóra á dælubíl með meira próf CE. Okkur vantar öflugan einstakling í skemmtilegt vinnuumhverfi, þar sem engin dagur er eins.



Starfssvið:  
Vinna á dælubíl  
Stíflulosun og Lagnamyndun  
Aðstoða við lagnafóðrun



Í boði er fölbreytt starf, góður starfsandi með góða tekjumöuleika  
Ferkari upplýsingar gefur: Stefán Ólason [stefan@stiflulosun.is](mailto:stefan@stiflulosun.is) sími 510-1180

**ADALSKOÐUN**

Eyravegur 51, 800 Selfoss  
Sími 590-6996



Heitt á könnunni og kleinur á meðan þú bíður í september

## Tómatar og kartöflur af sömu plöntunni

Ágræðsla er árbúsunda Ágömul aðferð til að bæta árangur ræktunar. Langflest ávaxtatré nú til dags eru ágrædd og sama gildir um ræktun víniðar og skrauttrjáa um allan heim. Aðferðin er þrautreynd og viðurkennd.

Nú vill svo til að margir íslenskir tómataræktendur hafa á síðustu árum notfært sér tækni sem felst í því að græða afkastamikil tómatarýrki á grunnstofn annarra yrkja sömu tegundar sem hafa óvenjuöflugt rótarkefni. Ávinningur þess er að afkastageta plantnanna eykst til muna og gæði afurðanna geta jafnvel orðið enn betri.

Á göngum Garðyrkjuskólans á Reykjum er margt spjallað, meðal annars ágræðsla og kostir hennar tíundaðir. Þar kom í umræðunni að ákveðið var að gera athugun með ágræðslu. Dirfsku-full áætlun var skipulögð. Ætlunin var að græða tómatargreinar

á ungar spíraðar kartöflur og sjá til hvernig til tækist. Einn af nýútskrifuðum garðyrkjufræðingum okkar, Jóhanna Íris Hjaltadóttir, tók að sér verkið undir leiðsögn kennara og hófst hún handa í tilraunahúsi Garðyrkjuskólans í apríl sl.

Kartöfluyrkið sem varð fyrir valinu heitir „Ben Lomond“ og var nokkrum útsæðiskartöflum komið í spírur og þær settar í potta. Smáaxna tómatarýrkið „Minibel“ var notað við ágræðsluna. Þegar bæði kartöfluspírur og tómataroppar voru með nokkurn veginn sama gildleika skeytti Jóhanna toppsprotum tómatarplantna ofan á kartöfluspírurnar og gekk frá þeim eins og best var á kosið og ágræðslutilraunin hófst.

Þrátt fyrir nokkur afföll náðu nógu margar plöntur að lifa þessi ósköp af og voru þær ræktaðar áfram og gróðursettar í beð í tilraunahúsinu. Fáeinar voru



Tómatar og kartöflur af sömu plöntunni

líka ræktaðar áfram í stórum blómapottum og dekrað við þær í heimahúsum. Plönturnar tóku að vaxa og blómstra. Fljótlega fór að bera á tómataklössum á plöntunum og fékkst af þeim þó nokkur uppskera af bragðgóðum rauðum smátómötum, sem var ágætis niðurstaða út af fyrir sig. Enn átti þó eftir að reyna á hvort nokkrar kartöflur myndu þroskast í moldinni. Um miðjan ágústmánuð var ráðist í að taka plönturnar upp. Margar kartöflur komu í ljós, ekki stórar en fallegar og bragðgóðar, kannski með ofurlitlum tómatakeim að sumra mati.

Ekki var um að villast, það reyndist hægt að fá uppskeru af kartöflum og tómotum af sömu plöntu og þótti mörgum undrum sæta. Kannski opnast þarna dyr fyrir nýja framleiðslugrein með úrvinnslu afurðanna, franskartöflur og tómatósó af einni og sömu plöntunni?

Lesendur geta síðan skemmt sér við að finna lýsandi heiti á þessari nýju íslensku grænmetistegund.

Ingólfur Guðnason,  
Garðyrkjuskólanum Reykjum/  
FSu



Jóhanna og Ingólfur við uppskerustörf.

## Um tuttugu prósent umsókna kom frá Suðurlandi

Alls bárust 49 umsóknir í nýsköpunarhraðalinn Startup Landið, sem undirstrikar skýrt hversu mikil þörf er á að styðja nýsköpun á landsbyggðinni.

Startup Landið er sjö vikna viðskiptahraðall sem ætlaður er frumkvöðlum og nýsköpunarverkefnum á landsbyggðinni. Markmið hans er að efla nýsköpun og skapa vettvang fyrir hugmyndir sem geta þróast, vaxið og dafnað á landsbyggðinni.

Verkefnið er styrkt af Nýsköpunarsjóði Lóunar og er samstarfsverkefni landshlutasamtakanna SSNE, SSVN, Vestfjarðarstofu, Austurbrúar, SASS, SSS og SSV. Hver landshluti fékk að velja tvö verkefni til þátttöku og fyrir hönd Suðurlands voru valin verkefni Festivus handverksúkkulaði og Hundaveisla.

Að Festivus standa Andrés Bragason og Auður Mikelsdóttir, sem ætla að framleiða vandað úkkulaði sem fangar sérkenni

Austur-Skaftafellssýslu í bæði bragði og útliti.

Að Hundaveislu standa Unnur Hagalín og Særún Eva Hjaltadóttir, sem hyggjast hefja framleiðslu á fersku, hollu heilfóðri fyrir hunda sem hægt verður að nálgast í matvöruverslunum.


Hraðallinn hefst 18. september og lýkur með lokaviðburði á Akureyri 30. október, þar sem þátttakendur kynna verkefni

sín. Meðan á hraðlinum stendur fá teymin aðgang að leiðbeinendum, fræðslu og tengslaneti sem getur reynst lyklatríði í uppbyggingu og þróun verkefnanna.

Við hlökkum til að fylgjast með vegferð Festivus og Hundaveislu í gegnum nýsköpunarumhverfið og óskum þeim innilega til hamingju með þátttökuna.

SASS

UMSÓKNIR EFTIR LANDSHLUTUM



Á myndinni má sjá hlutfall umsókna eftir landshlutum.

# Íslandsmeistarar 2010 í 3. flokki

Meistaraflokkur kvenna varð Íslandsmeistari í 2. deild kvenna í knattspyrnu eftir 4-0 sigur á liði Völsungs á föstudaginn. Selfossliðið hafði mikla yfirburði í 2. deildinni í sumar, liðið vann sextán af sautján leikjum sínum og gerði eitt jafntefli en markatala liðsins var 68-10.

Í sigurvímuni á JÁVERK-vellinum á föstudaginn var gaman að hugsa 15 ár aftur í tímann (11. september 2010) og rifja upp Íslandsmeistaratitil 3. flokks kvenna en Selfoss vann þá lið Vals 2-0, Kristín Elísabet

Skúladóttir og Bríet Mörk Ómarsdóttir (víti) skorðu mörkin. Valsstúlkur voru taplausar fram að úrslitaleiknum, höfðu reyndar ekki tapað leik í nærri tvö ár. Það var ekki tilviljun að Selfossstelpurnar urðu Íslandsmeistarar, liðið var skipað kraftmiklum, efnilegum og sönnum íþróttamönnum. Veturinn 2010-2011 gerðum við saman skemmtilegan DVD-disk, kannski þurfum við að koma honum á netið? Guðmundur Sigmarsson, þjálfari stelpnanna, var einnig þjálfari bikarmeistara karla í 3. flokki 2021.

Tómas Þóroddsson, sem var í stjórn KSÍ á þessum tíma, lagði til að úrslitaleikurinn yrði spilaður á Selfossi og afhenti Söru fyrirliða bikarinn góða.

Nokkrar staðreyndir um leikmenn Íslandsmeistaraliðsins 2010:

Guðrún Arnardóttir leikur nú með Braga í Portugal (SC Braga Feminino) en hún lék með sænsku liðunum FC Rosengård og Djurgården. Guðrún vann bæði sænska bikarmeistaratitilinn og Damallsvenskan. Guðrún hefur leikið 55 A-landsleiki og 31 landsleik fyrir yngri landsliðin.

Kristrún Rut Antonsdóttir hefur leikið 198 meistaraflokksleiki á Íslandi og leikur nú með Þrótti í Reykjavík. Kristrún hefur leikið á Ítalíu, í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Austurríki þar sem hún varð meistari með St. Pölten.

Guðmunda Brynja Óladóttir hefur leikið 349 meistaraflokksleiki á Íslandi, 204 mörk og 15 landsleiki og 1 mark.

Eva Lind Elíasdóttir hefur leikið 234 meistaraflokksleiki á Íslandi, 41 mark og 3 landsleiki fyrir yngri landsliðin og skorað 1 mark

Kristinn M. Bárðarson



Sara Arnardóttir fyrirliði tekur á móti bikarnum. Ljósmynd: Guðmundur Karl Sigurdórsson.



Efri röð fv.: Guðmundur Sigmarsson þjálfari, Franziska Jóney Pálsdóttir, Sara Arnardóttir fyrirliði, Eva Lind Elíasdóttir, Bríet Mörk Ómarsdóttir, Tinna Arngrímsdóttir, Guðlaug Arna Hannesdóttir, Guðrún Arnardóttir og Guðmunda Brynja Óladóttir. Fremri röð fv.: Alexandra Bía Sumarliðadóttir, Kristín Elísabet Skúladóttir, Birta Hörn Guðmundsdóttir, Andrea Björk Olgeirsdóttir, Inga Lára Sveinsdóttir, Harpa Sólveig Brynjarsdóttir, Karen Inga Bergsdóttir, og Kristrún Rut Antonsdóttir. Ljósmynd: Guðmundur Karl Sigurdórsson.



Eva Lind og Guðmunda Brynja eru Íslandsmeistarar í 2. deild kvenna með Selfossi 2025. Ljósmynd: Hrefna Halldórsdóttir.

Atvinna

## Útibússtjóri á Selfossi

**Ert þú drifandi leiðtogi með brennandi áhuga á þjónustu og sölu?**

Við leitum að kröftugum stjórnanda til að leiða útibú okkar á Suðurlandi. Útibúið er staðsett á Selfossi og þjónustusvæðið nær frá Þorlákshöfn að Kirkjubæjarklaustri. Í boði er spennandi starf fyrir metnaðarfullan aðila og frábært tækifæri til að starfa með öflugu teymi sérfræðinga og stjórnanda um allt land.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- › umsjón og ábyrgð á rekstri útibúsins
- › ráðgjöf og þjónusta vegna sölu trygginga og umsýslu tjóna
- › viðhald og uppbygging viðskiptatengsla á svæðinu
- › að tryggja framúrskarandi þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- › háskólamenntun sem nýtist í starfi
- › reynsla á sviði stjórnunar
- › þekking og reynsla af þjónustu á svæðinu
- › frumkvæði, skipulagshæfileikar og mikil þjónustulund

Nánari upplýsingar veita Birgir Viðarsson, framkvæmdastjóri Sölu- og ráðgjafar, [birgir.vidarsson@sjova.is](mailto:birgir.vidarsson@sjova.is) og Ágústa Björg Bjarnadóttir, mannauðsstjóri, [agusta.bjarnadottir@sjova.is](mailto:agusta.bjarnadottir@sjova.is)

Umsóknarfrestur er til og með **28. september** nk. Sótt er um starfið á [sjova.umsokn.is](http://sjova.umsokn.is)

**SJÓVÁ**

## Stuttmyndahátíð haldin á Stokkseyri

Eftir tvö vel heppnuð ár á Akureyri flytur Northern Lights – Fantastic Film Festival á Suðurland. Þriðja útgáfa hátíðarinnar verður haldin á Stokkseyri dagana 30. október til 2. nóvember 2025, í húsinu sem áður hýsti Draugasetríð og Álfa-, trölla- og norðurljóssasafnið. Þar ætla hátíðin að halda áfram að byggja brú milli fortíðar og framtíðar, þjóðsagna og kvikmynda, enda eitt af aðalmarkmiðum hátíðarinnar að hvetja kvikmyndahöfundum til að nýta sér íslenskan þjóðsagnararf í verkum sínum.

Ákvörðunin um að flytja hátíðina frá Akureyri til Stokkseyrar er m.a. liður í því að gera hana aðgengilegri kvikmyndanemum sem og alþjóðlegum gestum hátíðarinnar.

### Óskarsverðlaun í húsi

Það er óhætt að segja að hátíðin hafi nú þegar unnið sér inn vinsældir og virðingu „fantastic“ kvikmyndahöfunda um allan heim. Í fyrra, á sínu öðru ári, fékk hátíðin sendar inn fjölda mynda frá 31 landi, hvaðanæva að úr heiminum. Hátíðin valdi 47 myndir til þátttöku á hátíðinni frá 22 löndum. Þar á meðal var hollenska myndin „I Am Not a Robot“ eftir Victoriu

Warmerdam sem hreppti í kjölfarið Óskarinn sem besta leikna stuttmynd síðasta árs.

Einnig voru sýndar nýjar myndir frá Óskartilnefndum höfundum eins og heiðursgesti hátíðarinnar, John R. Dilworth (Courage the Cowardly Dog) og Abigale Breslin (Little Miss Sunshine) sem og hinum þrefalda Emmy-verðlaunaða leikstjóra og stop-motion kvikara Michael Granberry, en verk hans má sjá í kvikmyndum eins og hinni Óskarsverðlaunuðu „Guillermo del Toro's Pinocchio“.

Brautryðjandinn og Óskartilnefndi kvikarinn John R. Dilworth var heiðursgestur hátíðarinnar í fyrra og fetaði hann þar í fótspor Christopher Newman, framleiðanda „Game of Thrones & Lord of the Rings - Rings of Power“, heiðursgesti hátíðarinnar 2023.



### Nýr verðlaunaflokkur

Í samstarfi við Nexus var ákveðið að fjölga verðlaunum og búa til nýjan verðlaunaflokk fyrir „animation/stopmotion“ myndir, enda hafa þær verið gríðarlega sterkar í dagskrá hátíðarinnar fyrstu tvö árin. Einnig var ákveðið að verlaunafé yrði hækkað úr 1.000 EUR í 1.500 EUR.



## Blómstrandi nýnemaferð

Þriðjudaginn 9. september skelltu tæplega 300 manns sér í árlega nýnemaferð FSu. Ferðin tilheyrir áfanganum BRAGA sem er umsjónaráfangi fyrir nýnema. Um 270 nýnema tóku þátt auk nemendaráðs og starfsfólks. Sama fyrirkomulag hefur verið viðhaft um áratugaskeið - að fara með nemendur í Félagslund í Flóahreppi þar sem fjölmargar þrautir eru leystar undir styrkri stjórn Bragakennara og nemendaráðs. Þrautirnar voru leystar bæði innandyra og utandyra og hver krókur og afkimi nýttur til hins ýtrasta. Veðurspáin var ekki gæfuleg en úr rættist og veðrið hélst að mestu leyti þurrt - sem var greinilega það sem margir nemendur höfðu treyst á miðað við klæðaburð.

Markmið nýnemaferðar er að hrista hópinn saman með hæfilega krefjandi hópverkefnum. Þrautirnar eru eins ólíkar og þær eru margar og reyna á mismunandi styrkleika og bjóða upp á fjölbætt mat. Til dæmis er keppt

í rúsínuspýtingi, stígvélakasti, París, spurningakeppni, sögu-spuna og afraunum svo eitthvað sé nefnt en alls eru stöðvarnar ellefu eða jafn margar keppnishópnum. Á einni stöðinni fer fram rafræn kosning um fulltrúa nýnema í nemendaráð sem kallaður er BUSAKRÚTT en fimm buðu sig fram til embættisins.

Að keppni og kosningu lokinni var haldin grillveisla, pylsupartí með öllu tilheyrandi og veitingarnar ruku út. Heimildir

herma að hraustasta fólk hafi sporðrennt allt að fimm pylsum með öllu. Dagurinn endaði á því að tilkynnt var um úrslit nýs fulltrúa nýnema í nemendaráð sem og úrslit þrautakeppninnar þar sem mjótt var á munum. Sigurvegarar fögnuðu að sjálf-sögðu og héldu út í haustið og hlýjar rúturnar ásamt öllum öðrum þátttakendum dagsins.

ár / jöz



## DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.  
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.  
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudegi.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



## Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson  
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Í það vil ég fuglinn fá,  
fólkið þessi spilar á,  
á vegum stundum vont er það,  
á veiðiskaki notað það.

Svar við gátu í blaði 2819: **JÖRÐ**



## Sunnlenski matgæðingurinn



### Humarpítsa

Ásdís Elvarsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Ég vil byrja á að þakka mömmu fyrir áskorunina og læt mitt ekki eftir liggja. Hér deili ég uppskrift að humarpízzu sem hefur oft verið á boðstólum þegar góða gesti ber að garði.

### Humarpítsa

1 skammtur pizzadeig  
Ca. ½ dós rjómaostur  
1 dós tómatpúrta (um 140 g)  
1 pakki skelflettur humar  
25 g smjör  
3–4 hvítlauksgeirar  
Pízzaostur  
Parmesanostur  
Ferskt basilika

Hitið ofninn í 200°C.  
Fletjið pizzadeigið út og færið á bökunarplötu. Blandið saman rjómaosti og tómatpúrru og smyrjið á deigið. Dreifið pizzaosti yfir og bakið pízzuna í um það bil 15 mínútur.



Á meðan er smjör brætt á pönnu og hvítlaukurinn pressaður út í. Humarinn hreinsaður og eldaður upp úr hvítlaukssmjörinu.

Takið pízzuna út eftir 15 mín, dreifið humrinum yfir og látið hann bakast með í um það bil 5 mín til viðbótar.

Að lokum er pízzan tekin úr ofninum, parmesanostur rifinn yfir og ferskum basilblöðum sáldrað ofan á. Rennur svo best niður með eðal hvítvíni í góðum félagsskap.

Að lokum skora ég á Sigríði Ósk Harðardóttur þar sem hún er ein mesta sælkerakona sem ég þekki og á pottþétt einhverja góða uppskrift fyrir okkur hin að njóta.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

## Komdu að syngja með okkur!

Það er mánudagskvöld. Þú þarft að hitta mennina. Þeir taka vel á móti þér, og hlakka til að syngja með þér í vetur. Það er enda fátt skemmtilegra en að hefja upp raust sína og heyra hljóminn verða til – harmoní heitir þetta víst á slæmri íslensku. Þú tekur vel undir, loksins léstu verða af þessu. Þú kemur heim, þreyttur eftir góða æfingu, en gengur ánægður til náða. Heyrir kannski óminni af Árnesþingi í huganum inn í nóttina. Dásamlegt!

Við í Karlakór Selfoss erum að auglýsa eftir nýjum félögum, ungum sem öldnum, fræknum sem fávísam í tónfræðinni en fyrst og fremst áhugasömum söngmönnum sem vilja ganga í okkar góða félagsskap. Hafðu ekki áhyggjur af því að kunna ekki löggin eða textana... það kemur allt saman í góðri sam-

vinnu við okkur sem erum búnir að vera þarna um árabíl. Þetta er ekkert bundið við að búa á Selfossi, það eru karlar í kórnum sem búa hér og þar á suðvesturhorni landsins, upp til sveita og austur í Flóa.

Það er margt spennandi og skemmtilegt sem liggur fyrir í vetur. Við byrjum á að æfa okkur á jólalögnum enda að fara að taka upp jólaplötu. Svo eru það tónleikar bæði í vetur og vor, heimsóknir og annað flandur. Æfingar hefjast þann 22. september kl. 19:30 og eru vikulega. Ágætt að vera mættur aðeins fyrir. Við erum í karlakóraheimilinu okkar að Eyravegi 67 á Selfossi. Hlakka til að sjá þig!

Sigmundur Sigurgeirsson, 1. bassi, formaður útbreiðslunefndar



# Bleika slaufan fær hverja krónu af uppboði á bleikri gröfu

„Bleika slaufan hefur alltaf „snert við mér,“ segir Arnar Logi Ólafsson Hólm, framkvæmdastjóri Ljárdals, fyrirtækis sem sérhæfir sig í sölu á alls konar vinnuvélum, m.a. smærri gröfum. „Þegar ég var að leita leiða til að gefa til baka eftir góða byrjun hjá fyrirtækinu fæddist sú hugmynd að sérpanta fagurbleika gröfu frá framleiðandanum okkar og bjóða hana upp.“

Arnar Logi er þekktur fyrir að láta verkin tala og nokkrum mánuðum síðar var bleika grafan komin til landsins. Uppboðið hófst 1. september og stendur allan mánuðinn. Sá sem á hesta boð í lok dags 30. september eignast gröfuna einstöku og fær hana afhenta í byrjun október, við upphaf árveknisáttaksins Bleiku slaufunnar þetta árið. Hver einasta króna fer til Bleiku slaufunnar.

„Uppboðið hefur farið ótrúlega vel af stað og það hefur verið gaman að sjá hversu

marginir hafa tekið þátt og fylgjast með tölunni hækka,“ segir Arnar Logi. Hann hafi í upphafi sett markið á að safna yfir milljón króna með uppboðinu. „Nú lítur allt út fyrir að því markmiði verði náð og gott betur.“

Grafan bleika er af gerðinni HT-10 sem er langvinsælasta vélin hjá Ljárdal. HT-vélnar eru framleiddar í Kína og hafa reynst mjög vel hér á landi til margvíslegra smærri verka, s.s. í garðinum eða við sumar-bústaðinn. „Hún er nett, aðeins eitt tonn að þyngd, en lipur og snör í snúningum,“ segir Arnar um HT-10. „Ég kalla hana dugnaðarforkinn okkar.“

Fyrirtækið Ljárdalur var stofnað í september 2023 og fagnar nú tveggja ára afmæli. „Viðtökurnar hafa verið hreint út sagt frábærar og við höfum afhent tæplega 200 vélar af ýmsum stærðum og gerðum,“ segir Arnar Logi sem segist leggja sig fram við að veita öllum framúrskarandi þjónustu.

## Kílómarkaður á gröfum

„Til að gefa til baka og þakka fyrir okkur ákváðum við að fara af stað með uppboðið á bleiku vélinni,“ segir Arnar Logi. En hann lætur ekki aðeins þar við sitja. „1.000 krónur kílóíð er búið að blunda í okkur lengi,“ segir hann um nýjasta útspilið og útskýrir frekar: „Með styrkingu krónunnar og frábærum af-

mæliskjörum frá verksmiðjunni okkar getum við boðið viðskiptavinum að kaupa gröfur sem eru frá 1 upp í 2 tonn á 1.000 krónur kílóíð!“ Verðið er án VSK. Á kílómarkaði þessum fæst 690.000 króna afsláttur af HT20 gröfunni. „Verðbólga hvað!“

Hægt er að bjóða í gröfunahér: <https://ljardalur.is/product/upp->



## Vinir í bata 12 sporin í Selfoskirkju



Vinna með 12 sporin er góð leið til að bæta líf sitt og líðan.

Framundan er kynning á 12 spora starfinu í Selfoskirkju.

Fyrsti kynningarfundurinn verður þriðjudaginn 23. september kl. 17:30.

Næstu opnu fundir verða á sama tíma 30. september og 7. október.



Eftir kynningarfundina er lokað fyrir skráningu og unnið í kynjaskiptum hópum. Starfið verður á þriðjudögum frá 17:30-19:30. Starfið er þáttakendum að kostnaðarlausu og opið öllum óháð búsetu. Nánari upplýsingar inn á: [www.viniribata.is](http://www.viniribata.is)



## Krunk krunk á uppboði til styrktar Krabbameinsfélagi Árnassýslu

Málverkið Krunk Krunk eftir Ingvar Thor Gylfason er nú til sýnis í Gallerí Listasel á Selfossi og er á uppboði til styrktar Krabbameinsfélagi Árnassýslu.

Tengja má lýsingu Ingvars á málverkinu, á ákveðinn hátt við krabbameinsferli: „Á gömlum trástofni hvílir hann sig og krunkar til þeirra í kringum sig og lætur þannig vita að hann sé í lagi. Kannski svolítið þreyttur en í lagi. Sterkir litir umvefja hann í verkinu sem gefa honum kraft til þess að þenja aftur vængi sína að hvíldinni lokinni og fljúga hærra og lengra en nokkru sinni fyrr.“

Hægt er að bjóða í málverkið fram til 11. október. Gallerí

Listasel er staðsett á Brúarstræti 1, í miðbæ Selfoss, sími 860 4472.



## Óskað er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi 2025

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) óska eftir tilnefningum til samfélags- og hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi. Frestur til tilnefninga er til miðnættis miðvikudagsins 8. október nk. og þær skal senda á netfangið: [menningarverdlaun@sass.is](mailto:menningarverdlaun@sass.is). Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun sem nýtt verða til áframhaldandi menningarstarfs á Suðurlandi. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: [sass.is](http://sass.is).



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA

# Farsæld barna í fyrirrúmi

Sveitarfélagið Árborg hefur staðið framfarlega þegar kemur að farsæld barna og verið frumkvöðlasveitarfélag í þeim efnum undanfarin ár. Nýverið var "8-viti æskunnar" kynntur en með 8-vitanum er lögð áhersla á sýnileika og sameiginlegan skilning um farsæld barna.

## Árborgarmódelið

Undanfarin ár hefur Árborg verið eitt af leiðandi sveitarfélögum við innleiðingu á lögum um farsæld barna. Starfsmenn fjöl-

skyldusviðs Árborgar hafa unnið gott starf, þvert á sviðið til að tryggja sem bestan farveg fyrir málefni barna. Til þess hafa starfsmenn nýtt átta mikilvæga þætti sem saman mynda "8-vita æskunnar". Þetta eru umhyggja, öryggi, líðan, virkni, að tilheyra, ábyrgð, virðing og þroski. Þessir þættir mynda sameiginlegan grunn fyrir samtal og samstarf milli barna, foreldra og fagfólks þar sem allir þættir eru skoðaðir sem ein heild með hag barnsins að leiðarljósi.

Þverfaglegt samstarf innan fjölskyldusviðs Árborgar þar sem leik- og grunnskólar, velferðarþjónusta, frístundaþjónusta og skólaþjónusta hefur reynst einstaklega vel og bæði skapað grunninn að "8-vita æskunnar" og auknu samstarfi milli stofnana. Samstarf sem yfir undir að börn fái þjónustu fagadilla sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barnsins hverju sinni. Það er trú mín að 8-viti æskunnar muni halda áfram að eflast og auka samstarf enn frekar á sviði farsældar barna sem verður hluti af þjónustu sveitarfélagsins.

## Læsi er grunnmenntun

Á fræðsludegi Árborgar í ágúst sl. var kynnt ný læsisstefna Sveitarfélagsins Árborgar. Hún ber heitið "Læsi til lífs og leiks" og er eitt af þeim verkefnum sem hefur verið unnið í góðu samstarfi fulltrúa leik- og grunnskóla, frístundaþjónustu, skólaþjónustu og foreldra.

Markmið stefnunnar er að öll börn og unglingar í skóla- og frístundastarfi Árborgar geti nýtt sér læsi til lífs og leiks. Þeim sé mætt á breiðum grundvelli og fundin verkefni við hæfi hverju sinni sem eiga að ýta undir áhuga og færni.

Það er eitt að bæjarstjórn samþykki gerð stefnu en síðan þarf að innleiða og fylgja eftir að hún nýtist á réttum stöðum. Samhliða gerð læsisstefnunnar var unnin sérstök verkfærakistu sem byggir á markmiðum stefnunnar. Verkfærakistan er gervigreind þar sem kennarar, foreldrar og aðrir geta fengið hugmyndir, spjallað við gervigreindina og búið til lestrarverkefni til

## Bragi Bjarnason

bæjarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg



að efla læsi barna í Árborg.

Kemst hér yfir brot að því góða starfi sem er unnið hjá Sveitarfélaginu Árborg. Samt er mikilvægt að bæði kjörmir fulltrúar og fagfólk hætti aldrei að hlusta eftir þörfum samfélagsins og með því reyna að bæta þjónustuna. Það er að mínu mati sameiginlegt verkefni okkar allra að tryggja sem besta byrjun barnanna okkar út í lífið.



## Ræðumennska í vingjarnlegu umhverfi

POWERtalk-deildin Jóra á Selfossi heldur kynningarfund mánudagskvöldið 22. september kl. 19:30 í Selinu, Engjavegi 48.

Á fundinum fá gestir innsýn í starfsemi samtakanna, sem miðar við að gefa aðilum tækifæri til sjálfsþroska með markvissri þjálfun í málefnalegum og fordómalausum tjáskiptum, framkomu, ræðumennsku og skilvirkri fundarstjórn. Lögð er áhersla á jákvætt og uppbyggilegt umhverfi þar sem félagar þjálfast á jafningjagrundvelli og verkefnið verða smám saman krefjandi eftir því sem sjálfs-traustið eykst.

POWERtalk-deildin Jóra heldur fundi tvisvar í mánuði, yfirleitt fyrsta og þriðja mánudag hvers mánaðar, en fundir eru auglýstir á Facebook-síðu deildarinnar.

Á kynningarfundinum 22. september verður boðið upp á kræsingar og eru allir velkomnir.

### KYNNINGARFUNDUR

í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi, miðvikudaginn 24. september kl. 20:00

FREKARI UPPLÝSINGAR MÁ FINNA Á HEIMASÍÐU BÁ: [WWW.BABUBABU.IS](http://WWW.BABUBABU.IS)

**UMSÓKNIR:**  
Umsóknarfrestur er til og með 10. október 2025  
Umsóknir og fylgigöng sendist á netfangið [larus@babubabu.is](mailto:larus@babubabu.is) merkt "Slökkviliðsmenn 2025"

Brunavarnir Árnessýslu leita að slökkviliðsmönnum, af öllum kynjum, til starfa í hlutastörf á starfsstöðvum sínum á Flúðum, Laugarvatni, Þorlákshöfn, Hveragerði, Árnesi, Reykholti, Selfossi og á nýrri stöð á Borg.

Búseta í Árnessýslu er skilyrði.



## Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir hlýtur Samfélagsviðurkenningu Rangárþings eystra

Samfélagsviðurkenning Rangárþings eystra er tiltölulega ný af nálinni en hún er nú veitt í þriðja sinn.

Viðurkenningin er veitt þeim einstaklingi, fyrirtæki, stofnun eða félagasamtökum í Rangárþingi eystra sem þykja standa sig afburða vel í að efla samfélagið eða hafa með gjörðum sínum eða framgöngu látið gott af sér leiða og verið öðrum fyrirmynd.

Markaðs- og menningarnefndin óskaði eftir tilnefningu í sumar og allnokkrar bárust, hver annarri frambærilegri. Nefndin var þó sammála um að í ár ætti Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir, eða Alla eins og við þekkjum hana flest, að hljóta viðurkenninguna.

Alla hefur verið einstaklega dugleg við að standa fyrir og skipuleggja viðburði sem hafa lífgað á samfélagið okkar. Má til að mynda nefna sýningar eins og „Litlu hryllingsbúðina“ og Kabarett sem hún setti á svið með nemendum sínum í tónlistarskólanum við góðar undirtektir.



Mynd: Rangárþing eystra

Hún stóð fyrir skemmtilegu dansnámskeiði í Goðalandi í aðdraganda þorrablóts þar sem hún kenndi samkvæmisdansa.

Hún hefur ásamt fleirum sett saman hlómsveit og spilað á jólaballi í Fljótshlíð undanfarin ár.

Alla er alltaf tilbúin að aðstoða ef til hennar er leitað og

Hún er einstaklega jákvæð og alltaf tilbúin að leggja sitt

af mörkum til að gera eitthvað skemmtilegt og leggur þá jafnan nött við dag til að láta hlutina gerast.

Það er gríðarlega dýrmætt fyrir samfélagið hér að hafa einstaklinga eins og Öllu og við vonum að hún komi til með að gleðja okkur áfram á komandi árum.

Rangárþing eystra

## Söguganga í Skálholti með Skúla Sæland

Laugardaginn 20. september klukkan 14:00 verður boðið upp á sérstaka sögugöngu í Skálholti þar sem Skúli Sæland, sagnfræðingur, leiðir gesti um þennan merka menningarstað.

Á göngunni verður farið inn í Skálholtsdómkirkju þar sem saga kirkjunnar og áhrifamikilla biskupa er rifjuð upp. Í kjallara kirkjunnar verður litið á safn forngrípa, þar á meðal steinkistu Páls Jónssonar frá árinu 1211, legsteina og minjar sem fundust við uppgröft á fimmta áratug síðustu aldar.

Einnig verður gengið um undirgöng sem tengja kirkjuna



við fornleifasvæðið þar sem sagt verður frá merkilegum uppgrefti sem varpað hefur nýju

ljósi á daglegt líf í Skálholti. Þá fá gestir að kynna Þorlákssbúð sem stendur á upprunalegum grunni frá 16. öld, minnisvarða um Jón Arason Hólabiskup og Þorlákssæti þar sem sögur helga Þorlaks biskups verða í brenni-depli.

Gangan tekur um það bil eina og hálf klukkustund, er á jafnsléttu og hentar öllum aldurs- hópum. Aðgangur er ókeypis.

Sögugangan er hluti af Menningarminjadögum Minjastofnunar Íslands og verður veitingastaðurinn Hvönn opinn fyrir þá sem vilja ljúka göngunni á notalegan hátt.

## Troðið á opnun fimm sýninga LÁ

Laugardaginn 13. september opnuðu fimm nýjar sýningar í Listasafni Árnesinga.

Var safnið troðið af gestum og komu meðal annars pólski sendiherrann á Íslandi Aleksander Kropiwnicki.

Listasafn Árnesinga er í eigu sveitarfélaganna átta í Árnessýslu og þykir eitt framsæknasta safn landsins og einnig hefur safnbúð safnsins hlotið verðskuldaða athygli fyrir fallega muni, listaverk og hönnun.

Safnið er opið daglega frá 12-17 alla daga nema mánu- daga og er ókeypis aðgangur.



Kristín Safnstjóri LÁ með Örnunni Gunnarsdóttur.



Piotr Zbiernski, Finnþogi Petursson, Kristín Scheving, Guðrún Kristjánsdóttir, Ilana Halperin og Freyja Eilíf.




Kristín Scheving með Aleksander Kropiwnicki, pólska sendiherranum á Íslandi og Martynu Hopsa, starfsmanni safnsins.

# VIÐ ERUM FLUTT Í GAGNHEIÐI 17

Velkomin í heimsókn til okkar



Sími 482 1944 | Gagnheiði 17, Selfossi  
selfoss@prentmetoddi.is | www.prentmetoddi.is



# Íþróttir



Mynd: Rangárþing eystra

## Ívar Ylur Birkisson íþróttamaður Rangárþings eystra 2025

Íþróttamaður Rangárþings eystra að þessu sinni var Ívar Ylur Birkisson frá Íþróttafélaginu Dímón. Ívar Ylur hefur átt gríðarlega góðu gengi að fagna í frjálsum íþróttum og ber þar hæst glæstur árangur hans í grindarhlaupum, spretthlaupum og hástökki. Hann æfði með hóp unglingslandsliðsins og náði þar keppnisrétti fyrir hönd Íslands á norðurlandamóti unglunga í 100 metra grind og hástökki. Hann hampaði einnig fjórum Íslandsmeistararitlum á árinu. Auk þessara titla vann hann til fleiri verðlauna og sýndi stöðugan árangur á mótum yfir allt árið.

### Auk Ívars Yls voru fjórir aðrir tilnefndir:

Andra Má Óskarsson frá Golfklúbbi Hellu Rangárvöllum, GHR. Andri Már er marg-

faldur klúbbeistari GHR. Hann er einn öflugasti kyllingur landsins og átti gott mót á síðasta Íslandsmóti og er félagi sínu ávallt til mikils sóma. Andri var fjarri góðu gamni en móðir Andra kom í hans fjarveru.

Hans Þór Hilmarsson frá Hestamannafélaginu Geysi. Hans Þór er öflugur keppnismaður sem hefur átt góðu gengi að fagna á keppnisvöllinum en þar má meðal annars nefna að hann hampaði Íslandsmeistararitli árið 2024 og 2025 auk þess sem hann hefur staðið sig vel á fjölda annarra móta á landsvísi.

Helgi Valur Smásson frá Knattspyrnufélagi Rangæinga. Helgi Valur hefur spilað stórt hlutverk í öflugum meistara-flokki KFR síðustu ár. Hann náði þeim merka áfanga nú í

sumar að spila sinn hundraðasta leik fyrir félagið. Auk þess að vera gríðarlega sterkur leikmaður leggur Helgi Valur einnig mikið til félagsins, en heima-völlur okkar, SS völluminn, hefur sjaldan litið betur út og hefur hann borið hitann og þungann af því með natni sinni í umhirdu við hann.

Rúnar Helgi Sigmarsson frá Skotíþróttafélaginu Skyttum. Rúnar Helgi hefur stigið gríðarlega upp á undanförunu ári í greininni loftskammbýssa og sýnt bæði stöðugleika og framfarir sem endurspeglar metnað hans og elju til íþróttarinnar. Hann hefur gert það gott í keppnum í greininni en þar má nefna að hann hafnaði tvisvar sinnum í 2. sæti á Íslandsmóti.

Rangárþing eystra

## Kallað eftir hugmyndum íbúa um nýtt íþrótt- og útivistarsvæði á Hellu

Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur samþykkt að hefja vinnu við deiliskipulag nýs íþrótt- og útivistarsvæðis á Hellu, norðan nýja gervigrasvallarins. Nú óskar sveitarfélagið eftir hugmyndum frá íbúum um notkunarmöguleika svæðisins til framtíðar sem myndu nýtast í skipulagsvinnunni. Á með-

fylgjandi mynd má sjá svæðið en athugið að það sem fram kemur á myndinni eru frumhugmyndir en ekki samþykkt skipulag. Umrætt svæði er ljósgrænt á myndinni, ofan við gervigrasvöllinn, innan bláu brotalínunnar.

Tillögufrestur er til og með 21. september.

Rangárþing eystra



Drög af deiliskipulagi íþrótt- og útivistarsvæði Hellu.


## Eric Máni og Alexander Adam valdir í landsliðið í motocrossi

Eric Máni Guðmundsson og Alexander Adam Kuc hafa verið valdir til að taka þátt í landsliðsverkefnum á vegum Snjósleða- og mótörhjólambands Íslands.

Eric Máni Guðmundsson var valin landslið Íslands fyrir MXoN en liðið skipa þeir Eiður Orri Pálmarsson sem mun keppa í MX Open, Ingvar Sverrir Einarsson keppir í MX1 og Eric Máni Guðmundsson MX2. Ungt og efnilegt lið sem verður gaman að fylgjast með á þessum stórmóti.

Keppnin í ár fer fram 3.-5. Október í Ironman Raceway Crawfordsville USA.

Alexander Adam Kuc var valin landslið Íslands fyrir Coupe de l'Avenir. Keppnin er haldin árlega í Belgíu fyrir öikumenn undir 21 árs, 15 þjóðir taka þátt árlega og má hver þjóð senda 3 lið skipuð



3 öikumönnum til keppni. Er þetta í annað skipti sem Ísland sendir þrjú fullskipuð lið til keppni. Alexander Adam keppir í MX Open.

Keppnin fer fram 4.-5. október í Belgíu.

Framtíðin í íslensku motocrossi er sannarlega björt og verður gaman að fylgjast með öikumönnum okkar keppa á meðal þeirra bestu. UMFS



# Sókn Hins heilaga kross á Selfossi stofnuð á Krossmessu



Kirkja hins heilaga kross á Selfossi í byggingu í september 2025. Myndir: Kapólska kirkjan á Íslandi.

Sunnudaginn 14. september hélt kapólska kirkjan hátíðlega upphafningu hins heilaga kross - Krossmessu. Séra Denis O'Leary, sóknarprestur í Maríusókn í Breiðholti og á Suðurlandi, prédikaði í sunnudagsmessu sem haldin var í kapellunni í Smáratúni 12 á Selfossi. Kapellan var þéttsetin en hún rúmar liðlega 30 manns. Guðspjallstexti dagsins var úr Jóhannesarguðspjalli, 3. kafla versanna 13-17, þar sem segir: „Og eins og Móse hóf upp höggorminn í eyðimörkinni, þannig á Mannssonurinn að verða upp hafinn svo hann veiti

hverjum sem trúir á hann eilíft líf.“ Séra Denis sagði meðal annars: „Bræður og systur, gerum nýja og staðfasta skuldbindingu um að snúa baki við allri syndsamlegri hegðun sem kann enn að vera hluti af lífi okkar. Megi hátíð upphafningar hins heilaga kross hjálpa okkur að gera iðrun og snúa okkur til Guðs, að syndir okkar verði afmáðar í skriftasakramentinu.“ Að því búnu sagði hann: „Frá biskupinum okkar fengum við þær gleðifréttir að frá og með deginum í dag, 14. september 2025, hefði verið stofnuð ný sókn í biskupsdæminu. Það er

Sókn hins heilaga kross sem er staðsett á Selfossi. Allur suðurhluti landsins til Kirkjubæjar-klausturs og jafnvel lengra tilheyrir nýju sókninni. Nafn nýju sóknarinnar tengist sögu kirkjunnar í þessu landi því skammt frá Selfossi, í Kaldaðarnesi, var kross sem pílgrímar stönsuðu hjá á leið sinni til Skálholts. Hann var einnig virtur af heimamönnum, sérstaklega öldruðum og sjúkum, sem trúðu því að hann hefði lækningamátt.“

Áður hafði verið greint frá því að séra Mercurio Rivera III, núverandi aðstoðarprestur við kirkju heilags Jóhannesar

Páls II á Ásbrú og enn áður aðstoðarprestur í Maríukirkju og á Selfossi, hefði verið skipaður stjórnandi hinnar nýju sóknar. Séra Mercurio er frá Filippseyjum og hefur starfað sem prestur hjá Kapólsku kirkjunni á Íslandi frá því í ársbyrjun 2021. Séra Denis hafði áður greint frá því að Davíð biskup myndi bjóða séra Mercurio velkominn til starfa í messu sem haldin verður sunnudaginn 5. október næstkomandi í kapellunni að Smáratúni 12.

Eins og kunnugt er, er ný kirkja í byggingu á Selfossi við Móaveg. Staða byggingarframskvæmdanna er sú að þakið er fullgert, milliveggir hafa verið

reistir í prestsíbúðinni og það er nánast lokið við að einangra. Bílastæðið er malbikað og göngustígurinn frá götunni að kirkjunni er tilbúinn. „Ef þið viljið taka þátt í að hjálpa okkur að halda áfram, þá er stuðningur ykkar ómetanlegur: Hægt er að leggja framlög inn á: Reikning hjá Íslandsbanka: 0513-14-350024. Kennitala: 680169-4629... Við færum Bonifatiuswerk, stærsta og dyggasta stuðningsaðila þessa verkefnis sérstakar þakkir,“ segir á heimasíðu biskupsdæmisins: <https://catholica.is/framkvaemdir-a-selfossi/>

Ragnar Geir Brynjólfsson



## Ljóð vikunnar

### SKUGGAMYNDIR UM KVÖLD

Greinar og lauf runnanna sjást greinilega í rökrinu, það dimmir smám saman, þó að sólin skíni enn á nokkra glugga handan garðsins. Mig langar að lýsa þessu með orðum, en ég kem þeim ekki fyrir mig svo að ég teikna frekar með blýanti á blað, og mála með nokkrum pensilstrofum.

Hljóðin frá götunni hafa nú dvínað, og gamli maðurinn með hundinn er hvergi sjáanlegur.

Hann þarf ekki lengur að fara út með hundinn. Í dag sá ég hann ganga einan um stéttina.

Höfundur: Hannie Rouweler, Hollandi  
Þór Stefánsson þýddi úr ensku

## ÞRIÐJUDAGSSAMVERUR Í SELFOSSKIRKJU

Þriðjudagssamverur hefjast á ný í Selfosskirkju nú í september og verða aðra hverja viku frá kl. 14–15:30

Samverurnar verða léttar og óformlegar að vanda með heimilislegu andrúmslofti og góðum gestagangi, að ógleymsdu rjúkandi kaffi.

Eigum saman góða stund, spjöllum og tókum jafnvel lagið.

Sem fyrr tókum við á móti góðum gesti á hverri samveru sem miðlar okkur einhverju áhugaverðu séð frá sínum bæjardyrum.

\*\*\*

Þriðjudagurinn 23. september

Gestur: Guðmundur Lárusson

Þriðjudagurinn 7. október

Gestur: Ísólfrur Gylfi Pálmason

Þriðjudagurinn 21. október

Gestur: Páll M. Skúlason

Þriðjudagurinn 4. nóvember

Gestur: Margrét Steinunn Guðjónsdóttir

Þriðjudagurinn 18. nóvember

Gestur: Helga Möller

Verið hjartanlega velkomin

## FUNDIR



## Krabbameinsfélagið

## OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14  
Opíð húsÞriðjudagar kl. 11-13  
UpprekjurÞriðjudagar kl. 14:-16  
Unga fólkíðMiðvikudagar kl. 11-14  
Opíð húsFimmtudagar lokað  
Viðburðir auglýstir sérstaklega á  
BrosiðunniFöstudagar kl. 11-13  
Opíð húsFyrsta þriðjudag í mánuði  
Karlahópurinn Smáranir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300  
arnessysla@krabb.is  
krabbameinsfelagarnessyslu.netFacebook: Krabbameinsfélag  
Arnessyslu/Brosið/Smáranir

## AI-Anon Selfossi

AI-Anon fundir - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

## AI-Anon Selfossi

AI-Anon fundir á þriðjudögum  
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.  
20:00. Fundur kl. 20:30.

## AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundurMið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundurFös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opin fundurSun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.

Nánari upplýsingar á aa.is.

## Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-  
kus. Poniedzialek i czwartek i  
sobota godzina 19:00. Hrísholt  
8 - 800 Selfoss.

## AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

## AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

## CoDA

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

## CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi  
1, Þorlákshöfn  
Miðvikudaga kl. 19:30.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri  
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

## ÞJÓNUSTA



## Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLANDBókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

## Ráð í rekstri !

## Fjárheimar ehf.

Eyravegur 37, 2h - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf  
skattskilÞjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

## HEILSA

Energy Touch  
- Nudd  
- Heildræn  
meðhöndlun

Yoga Nidra byrjar

1. sept. kl. 17:00

3. sept. kl. 17:30

5. sept. kl. 10:00

Ragnhildur  
Sigurðardóttir  
Sími 693 2197  
ragnhildurgagga.isCand.mag. í íþróttaræðum,  
nálastungur, yoga,  
NLP-master/coach,  
heilsumuðdari,  
Hugræn atferlismeðferð,  
meta medicine.

## FÉLAGSSTÖRF



## SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn  
18. sept. kl. 13:00-14:45

## OPIÐ HÚS

Fim. 18. sept. kl. 14:45

Stjórn FEBSel kynnr  
starfsemi vetrarinsKaffi og meðlæti  
í boði félagsins

## FUNDIR

## Vöflukaffi

Fyrsta vöflukaffi vetrarins  
verður haldið næsta laugar-  
dag 20.sept. á Eyravegi  
15 annarri hæð á milli  
klukkan 11 og 12. Gestur  
okkar er Sigurður Ingi  
Jóhannsson formaður  
Framsóknarflokksins.  
Hann fer yfir stöðuna og  
tekur spurningar hjá þeim  
sem vilja. Allir velkomnir.

## KIRKJUR

## Selfosskirkja

Sunnudaginn 21. september  
kvöldmessa kl. 20:00.  
Kirkjukórinn syngur, organisti  
Edit A. Molnár, prestur Solveig  
Lára Guðmundsdóttir.  
Sunnudagaskólinn verður sama  
sunnudag á sínum stað kl.  
11:00, umsjón Söfn ásamt leið-  
togum. Þriðjudagssamverur  
hefst aftur, sú fyrsta þriðjudag-  
inn 23. september kl. 14:00,  
gestur Guðmundur Lárusson.  
Kynningarfundur á 12 sporunum  
þriðjudaginn 23. september kl.  
17:30. Morgunbænir miðviku-  
og fimmtudaga kl. 10:00.

## Gaulverjabæjarkirkja

Messa sunnudaginn 21. septem-  
ber kl. 14:00. Kirkjukórinn syngur,  
organisti Pétur Nói  
Stefánsson, prestur Solveig Lára  
Guðmundsdóttir.

## Eyrbakkakirkja

Messa sunnudaginn 21. septem-  
ber kl. 11:00. Kammerkórinn  
syngur, organisti Pétur Nói  
Stefánsson, prestur Solveig Lára  
Guðmundsdóttir.

## Hrepphóllakirkja

Kirkjuskólinn hefst laugardaginn  
21. sept. kl. 11. Hlökkum til að  
sjá ykkur!

## Hrunakirkja

Helgistund sunnudagskvöldið  
21. september kl. 20. Hugljúfir  
sálmur, ritningarorð, bæn og  
hugvekja. Verið öll velkomin!

## Skálholtsdómkirkja

Messa kl 11 sunnudaginn 21.  
september. Sr. Kristín Þórunn  
sóknarprestur og Jón Bjarnason  
dómorganisti þjóna.  
Fermingarbörn aðstoða við  
athöfnina. Innilega velkomin!

## Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum  
algengustu stærðunum.SENDUM  
HVERT Á LAND  
SEM ERAuglýsing um skipulagsmál  
í Rangárþingi eystraSamkvæmt 43. skipulagslaga nr. 123/2010 er aug-  
lýst eftirfarandi tillaga breytingu að deiliskipulagi:Bergþórugerði, fjölgun rað- og parhúsa – deili-  
skipulagsbreytingMeð tillöggunni er verið að fjölga par- og raðhúsum  
við Bergþórugerði.Samkvæmt 41. gr. og 31. skipulagslaga nr.  
123/2010 er auglýst aðalskipulagsbreyting sam-  
hliða tillögu að deiliskipulagi:Vindás og Litli-Moshvoll, frístundalóðir – nýtt  
deiliskipulagTillagan tekur til fimm frístundalóða úr landeignunum  
Litla-Moshvoll og Vindás. Heimilt verður að byggja allt  
að 300 m² eða eitt frístundarhús, gestahús, geymslu  
og gróðurhús. Mænishæð er frjáls en skal vera sú  
sama á hverri lóð en hámarkshæð húsa er 5,5 m.

## Vindás og Litli-Moshvoll – aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir 9 frí-  
stundalóðum á 12 ha svæði. Svæðið er skilgreint sem  
landbúnaðarland (L1) og nær til Vindásar, Sunnutúns  
og Litla-Moshvols Hólar.Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu  
Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofn-  
unar og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingar-  
fulltrúa. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna  
að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við  
tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur frá 15.  
september til og með 27. október 2025. Athuga-  
semdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða  
skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangár-  
þings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.Samkvæmt 30. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er  
kynnt eftirfarandi aðalskipulagslýsing:

## Ytri-Skógar, fjölgun íbúða – aðalskipulagslýsing

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að fjölga  
íbúðum úr fimm í 16 á íbúðasvæði ÍB23 í Skógam.Ofangreinda lýsingu er hægt að kynna sér á heima-  
síðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulags-  
stofnunar og á opnu húsi hjá skipulags- og byggingar-  
fulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli, miðvikudaginn  
24. september 2025 kl. 10:00 til 12:00. Umsagnar- og  
athugasemdarfrestur lýsingarinnar er frá 12. septem-  
ber til og með 30. september 2025. Athugasemdum  
skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags-  
og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austur-  
vegi 4, 860 Hvolsvelli.Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Rangárþings eystra

# Líf og fjör í Hrunaréttum

Ljósmyndir: Helga R. Einarsdóttir.





**BYGGINGARÞJÓNUSTA SUÐURLANDS**  
Nýbyggingar · Viðgerðir  
Endurbætur

Áreiðanleg þjónusta með reynslu

Sími 659 3522 / 772 8906  
bygg@byggingarsudurlands.is  
www byggingarsudurlands.is

**Ökukennsla**  
Kristinn M. Bárðarson  
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur / Sjálfskiptur bíll**




Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

**NÝLAGNIR - HITAKERFI  
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR**

Sími 769 0001  
lagnaland@lagnaland.is

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACAF VINATTU!



Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi



**PÚLSINN**  
Raf & kæliþjónusta

**Kæli & Frystikerfi**  
Viðgerðir · Þjónusta  
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



**ÖKULAND**  
Endurmenntun  
atvinnubílstjóra  
Akstursþjálfun  
Meirapróf  
**okuland.is**

**FÁÐU TILBOÐ Í PINN PALL**

848 0964 899 0979  
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



**SÓLPALLUR**  
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki

**VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**STÍFLULOSUN SUÐURLANDS**  
stiflulosun.is

VIÐ ELSKUM STÍFLUR!

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildrur
- Sandgildrur
- Skólphreinsistövar
- Holræsahreinsun

ÁRATUGA REYNSLA OG SÉRÞEKING Á FRÁVEITUMÁLUM

VIÐ ÞJÓNUSTUM

EINSTAKLINGA FYRIRTÆKI HÚSFÉLÖG SVEITAFÉLÖG

510-1180 / 669-8441

**Raflagnir Tölvulagnir Ljósleiðaralagnir**



**TRS**  
Gagnheiði 26, Selfoss  
480 3300 - www.tris.is

**FRÁRENNSLI**  
GEFUM GÖMLUM LÖGNUM NÝTT LÍF

**Myndum og staðsetjum lagnir**  
Stíflulosun og rótarhreinsun  
15 ára reynsla

Sími 571 0300  
frarennsl@gmail.com

Bílasprautun · Bílaréttingar  
Bílrúðuskripti

**Bilverk BA**

Þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir**



**Lagnir og Lausnir ehf**  
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

**LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI**  
NÝSMÍÐI VIÐHALD BREYTINGAR

S: 692-2575

**800 SMÍÐI ehf.**

KARL S:692-2575  
800SMIDI@GMAIL.COM

**Pípulagnir Júlla**  
Persónuleg þjónusta  
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is



**Stíflupjónusta Sævars Selfossi**  
Sími: 861 1919  
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR 20 ÁRA REYNSLA

**Stíflulosun úr lögnum Myndun lagna Rótarskurður o.fl.**



**LAGNIR**

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

**Lagnapjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
482 2311 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími



**prentmet**  
heilðarlausnir í prentun

Sími 482 1944  
selfoss@prentmetoddi.is

Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
800lagnir@800lagnir.is

**NÝTT**

**Vinnuvélanámskeið á netinu!**  
www.vinnuvelaskolinn.is